



Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

Norrænt eftirlitsverkefni

Efni og hlutir í snertingu við matvæli

Eftirlit með samræmisyfirlýsingum
2013-2015



1. Inngangur

Matvælasnertiefni (efni og hlutir í snertingu við matvæli) eru notuð á öllum stigum matvælaframleiðslu og geta verið hugsanleg uppspretta mengunar í mat. Að undanskilinni Danmörku og Finnlandi hafa yfirvöld á Norðurlöndunum lagt takmarkaða áherslu á svið matvælasnertiefna. Bæði Matvæla- og dýraheilbrigðiseftirlit Evrópusambandsins (FVO) og Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hafa beint þeim tilmælum til yfirvalda í löndunum að efla þurfi eftirlit á þessu sviði.

Danmörk, Finnland, Færeyjar, Ísland, Noregur og Svíþjóð framkvæmdu sameiginlegt Norrænt eftirlitsverkefni um matvælasnertiefni á árunum 2013-2015. Norrænn vinnuhópur um matvæli og upplýsingar til neytenda (NMF) sem starfar í umboði Norrænu ráðherranefndarinnar styrkti verkefnið. Norræn skýrsla um verkefnið hefur verið birt og má nálgast [hér](#) og er vísað í hana varðandi nánari niðurstöður og skýringar en er að finna í þessu skjali.

2. Markmið og framkvæmd

Markmið verkefnisins var að fara í eftirlitsheimsóknir til framleiðenda, innflytjenda og notenda matvælasnertiefna (matvælaframleiðenda) til að skoða s.k. samræmisýfirlýsingar fyrir matvælasnertiefni úr plasti, athuga þekkingu þessara aðila á löggjöf varðandi málaflokkinn og kanna rekjanleika matvælasnertiefna. Einnig voru tekin nokkur sýni af mjúku plasti sem notað er í snertingu við fiturík matvæli og magn þalata í þeim mælt. Þá var einnig markmið að auka þekkingu eftirlitsmanna sem framkvæma eftirlitið m.a. með fræðslu.

Sérfræðingar Matvælastofnunar leiddu verkefnið fyrir Íslands hönd og eftirlitsfólk frá Matvælastofnun og heilbrigðisfulltrúar frá Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga (HES) tóku þátt í framkvæmdinni þ.e. eftirlitsheimsóknum og/eða námskeiðum. Hér á landi hefur HES eftirlit með framleiðendum og dreifingaraðilum matvælasnertiefna. Bæði Matvælastofnun og HES hafa eftirlit með notkun matvælasnertiefna hjá þeim matvælaframleiðendum sem þau hafa eftirlit með. Þá fer Matvælastofnun með innflutningseftirlit með matvælasnertiefnum.

3. Niðurstöður

178 fyrirtæki á Norðurlöndunum voru heimsótt í tengslum við verkefnið þar af 49 fyrirtæki sem framleiða matvælasnertiefni, 52 sem flytja þau inn og 80 matvælaframleiðendur sem nota þau í sinni starfsemi. Nokkur fyrirtæki falla í fleiri en einn af þessum flokkum. Á Íslandi voru heimsótt 18 fyrirtæki, í Finnlandi 72, Noregi 34, Svíþjóð 24, Færeyjum 7 og Danmörku 26.

3.1 Samræmisýfirlýsingar

Samevrópskar reglur segja til um að sérstök skjöl s.k. samræmisýfirlýsingar (e. declaration of compliance) skuli fylgja öllum efnum og hlutum úr plasti á öllum stigum framleiðslukeðjunnar og hvaða upplýsingar þessi skjöl eiga að innihalda. Þessar yfirlýsingar sem eru nauðsynlegar til að sýna fram á að efni og hlutir sem notuð eru í snertingu við matvæli uppfylli þá löggjöf sem gildir. Þau eru t.d. sérstaklega mikilvæg fyrir framleiðslufyrirtæki sem nota vörur á millistigum framleiðslu (hráfni) til að geta tryggt að lokavaran sé örugg og í samræmi við reglur. Þá eru þau mikilvæg fyrir notendur varanna til að tryggja að vörurnar séu einungis notaðar eins og til var ætlast af framleiðanda. Í eftirlitsheimsóknum var athugað hvort þessi skjöl væru til staðar og þau svo metin með tilliti til nokkurra þátta þ.e. hvort þau innihéldu eftirfarandi upplýsingar:

- Heiti og heimilisfang fyrirtækis þ.e. framleiðanda eða dreifingaraðila/innflytjanda
- Auðkenni vörunnar (t.d. nafn og tegund plastefnis)
- Staðfestingu á að varan væri í samræmi við gildandi reglur
- Upplýsingar um flæði efna úr viðkomandi vöru
- Upplýsingar um s.k. aukefni með tvíþætt notagildi (e. dual use additives)
- Notkunarskilyrði
- Útgáfudagsetningu og hvort hún væri uppfærð (ekki of gömul og/eða úreld)

Gæði skjalanna voru svo metin út frá ofangreindum þáttum sem „góð“, „að hluta til í lagi“ eða „lélegt“. Benda verður á að, þó skjölum væri gefin einkunnin „góð“ þá þýðir það ekki að skjalið sé fullkomið, heldur að með tilliti til þeirra þátta sem skoðaðir voru, væru upplýsingarnar nægjanlegar. Einnig skal bent á að einkunnir eru gefnar af mismunandi eftirlitsmönnum.

Í heildina voru skoðaðar (samræmisýfirlýsingar) fyrir 280 matvælasnertiefni úr plasti þar sem stærstur hluti var plastfilmur, box og bakkar. Dæmi um aðrar vörur voru hanskar, slöngur, lok og færíbönd.

Af vörunum 280 sem skoðaðar voru, voru 69 skoðaðar hjá framleiðendum sjálfum, 78 hjá innflytjendum og 133 hjá matvælaframleiðendum sem nota vörunar. Í að meðaltali 89% tilfella voru samræmisýfirlýsingar til staðar hjá fyrirtækjunum þ.e. 100% í Danmörku og Færeyjum, 97% í Finnlandi, 83% á Íslandi, 77% í Svíþjóð og 76% í Noregi.

Hvað varðar innihald samræmisýfirlýsinga þá voru til staðar viðunandi upplýsingar um flæði efna úr vörunum í matvæli í 53% samræmisýfirlýsinga og í 59% tilvika voru viðunandi upplýsingar um aukefni með tvíþætt notagildi. Hvað varðar notkunarskilyrði voru nægjanlegar upplýsingar í 70% tilfella.

Að meðaltali voru 45% samræmisýfirlýsinga metnar sem „góðar“. Niðurstaðan var misjöfn eftir löndum. Í Danmörku voru 81% góðar, 50% í Færeyjum, 45% í Finnlandi, 43% í Svíþjóð, 27% í Noregi og 25% á Íslandi.

Mismunurinn á gæðum samræmisýfirlýsinga í Danmörku og á hinum Norðurlöndunum er áberandi. Hann má að öllum líkindum rekja til þess að yfirvöld í Danmörku hafa síðustu ár lagt sérstaka áherslu á leiðbeiningar og eftirlit með þessum málaflokki matvælasnertiefna .

3.2 Þekking á löggjöf og rekjanleiki

Þekking fyrirtækjanna sem heimsótt voru á löggjöfinni varðandi snertiefni matvæla ásamt kerfi fyrir rekjanleika voru athugað í eftirlitsheimsóknunum.

Niðurstöður sýndu að af fyrirtækjunum sem skoðuð voru höfðu framleiðendur varanna besta þekkingu á löggjöfinni þ.e. 78% höfðu viðunandi þekkingu en aðeins 52% innflytjenda. Í nánast öllum tilfellum var rekjanleikakerfi til staðar en gæði þeirra voru misjöfn.

3.3 Þalöt í mjúku plasti

Tekni voru samtals 19 sýni af mjúku plasti sem notað var í snertingu við fiturík matvæli og magn þalata (DEHP, DiNP, DiDP) var greint í þeim. Danski tækniháskólinn (DTU) sá um mælingar. Sýnin voru af færíböndum, hönskum, slöngum, lokum og plastfilmum. Í 32% tilfella var magn þalata yfir leyfilegum hámarksgildum. Sýnin sem voru yfir mörkum voru hanskar, slöngur og færíbönd. Á Íslandi voru tekin sýni af plastfilmu og lokum og reyndust bæði sýnin innan marka.

4. Ályktun og viðbrögð

Niðurstöður verkefnisins sýna að bæta þarf þekkingu fyrirtækja á Norðurlöndunum sem framleiða, flytja inn og nota matvælasnertiefni á þeirri löggjöf sem gildir um vörurnar. Þá þurfa fyrirtækin enn að bæta sig varðandi útgáfu og eftirlit með samræmisýfirlýsingum og tryggja að þær séu í öllum tilfellum til staðar og fullnægjandi. Til að fylgja þessu eftir þurfa yfirvöld að viðhalda virku eftirliti með þessum fyrirtækjum.

Munurinn á niðurstöðum úr verkefninu meðal þeirra landa þar sem lögð hefur verið sérstök áhersla á þennan málflokk síðustu ár, Danmörku og Finnlandi í samanburði við t.d. Ísland og Noreg þar sem ekki hefur verið lögð mikil áhersla á hann, er greinilegur. Það er því ljóst að yfirvöld þurfa að viðhalda virku eftirliti og fræðslu á þessu sviði og hér á landi þarf að efla þetta tvennt. Benda skal á að eftirlit með þessum málum, sérstaklega hjá framleiðendum og dreifingaraðilum matvælasnertiefna, er mjög sérhæft og þarfnast mikillar þekkingar og þjálfunar eftirlitsfólks.

Matvælastofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafa þegar hafið aðgerðir til að bæta ástand þessara mála hér á landi. Í apríl 2014 hélt Matvælastofnun vel sótt námskeið fyrir eftirlitsfólk Matvælastofnunar og heilbrigðisfulltrúa HES. Sama námskeið var notað til að setja verkefnið, sem hér er greint frá, af stað. Í desember 2014 og í apríl 2015 hélt stofnunin fræðslufundi fyrir fyrirtæki um málaflokkinn. Glærur og upptökur af þeirri fræðslu má finna [hér](#). Þá er vinna við uppfærslu og aukningu upplýsinga um málaflokkinn á heimasíðu stofnunarinnar hafin og verður haldið áfram. Unnið er að uppfærslu á skoðunaratriðum varðandi málaflokkinn í Skoðunarhandbók Matvælastofnunar fyrir matvæli úr dýraríkinu og er sú vinna vel á veg komin. Matvælastofnun hefur einnig uppfært leiðbeiningar/skoðunaratriði vegna skoðunar á þessum þáttum í eftirliti hjá matvælafyrirtækjum undir eftirliti HES og eru þessar leiðbeiningar til reynslu hjá nokkrum HES svæðum. Matvælastofnun mun leggja áherslu á að notkun matvælasnertiefna og skjöl sem þeim fylgja verði skoðað sem hluti af reglubundnu eftirliti hjá þeim fyrirtækjum sem stofnunin hefur eftirlit með og mun beina þeim tilmælum til HES að gera það einnig. Raunar leggja bæði Matvælastofnun og HES nú þegar meiri áherslu á skoðun þessara mála í eftirliti.